

Innra mats skýrsla

Innra mat

Vallaskóli

2024 - 2025

Dagsetning: Ágúst 2025

Skýrsluhöfundar: Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir, Páll Sveinsson

Inngangur	3
Fundir og kynningar	3
Sjálfsmatsáætlun Vallaskóla	4
Niðurstöður mats skólaárið 2024 – 2025	4
Nemendakönnun - Skólapúlsinn	4
Nánari umfjöllun	7
Sterkir þættir	7
Þættir sem þarfnast úrbóta	8
Lesferill.....	13
Íslenska æskulýðskönnunin	16
Menntun	16
Heilsa og vellíðan	17
Öryggi og vernd	17
Þátttaka og félagsleg tengsl	18
Lífsgæði og félagsleg staða	18
Moodup starfsmannakönnun.....	19
Nánari umfjöllun	19
Umbótaáætlun skólaárið 2025 - 2026.....	25
Lokaorð	26

Inngangur

Innra mat í grunnskóla hefur það að markmiði að kanna það sem vel er gert í skólastarfinu og skoða hvort sú þjónusta sem skólinn veitir sé í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.

Í lögum um grunnskóla 91/2008, kafla VIII 35. grein og 36. grein er kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins. Þetta þarf að gera með kerfisbundnum hætti og þeir sem koma að matinu með einum eða öðrum hætti eru starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur.

Niðurstöður matsins á að nýta til að bæta skólastarfið og gerð er umbótaáætlun út frá þeim. Mikilvægt er að áætlunin sé raunhæf og að henni sé fylgt vel eftir. Að vori er gerð skýrsla sem skilað er til fræðslunefndar sveitarfélagsins að undangenginni umfjöllun skólaráðs.

Skólaárið 2025 – 2026 verður starfandi í Vallaskóla gæðaráð sem fundar reglulega á skipulags og vinnufundum varðandi innra mars skólans og vinnur að bættum gæðaprófil skólans.

Fundir og kynningar

Stefnt er að því að funda reglulega með gæðamatsteymi skólans ásamt því að vera með kynningar á helstu niðurstöðum innra mats, með það að markmiði að nýta niðurstöður jafnóðum í skólastarfinu.

Í töflunni hér að neðan sést yfirlit yfir það hvernig stefnt er að því að kynningar til starfsfólks dreifist yfir veturinn.

	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Skólapúls - nemendakönnun				X		X		
Skólapúsl - foreldrakönnun					X			
Moodup - starfsmannakönnun		X		X		X		X
Matsferill - nám og kennsla							X	
Lesferill - nám og kennsla	X		X		X			X
Sjálfsmatsskýrsla - Umbótaáætlun	X							
Gæðamat - skólaprófíll							?	

Sjálfsmatsáætlun Vallaskóla

Hér að neðan er áætlun um gagnasöfnunaraðferðir í innra mati skólans til ársins 2029.

	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
HAUST	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði
	MoodUp – Starfsmenn Tvisvar sinnum yfir önnina	MoodUp – Starfsmenn Tvisvar sinnum yfir önnina	MoodUp – Starfsmenn Tvisvar sinnum yfir önnina	MoodUp – Starfsmenn Tvisvar sinnum yfir önnina
	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)
	Grunnpróf Lesferils í september	Grunnpróf Lesferils í september	Grunnpróf Lesferils í september	Grunnpróf Lesferils í september
	Stafakönnun 1.og 2. árgangur september	Stafakönnun 1. og 2. árgangur september	Stafakönnun 1. og 2. árgangur september	Stafakönnun 1.og 2. árgangur september
	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði	Skólapúls – nemendur í 6.-10. árgangi einu sinni í mánuði
	Skólapúls – foreldrar		Skólapúls – foreldrar	
	MoodUp – Starfsmenn	MoodUp – Starfsmenn	MoodUp – Starfsmenn	MoodUp – Starfsmenn
	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)	Gæðamat tvisvar á ári (skólaprófill)
VOR	Stafakönnun 1. og 2. árgangur í janúar	Stafakönnun 1. og 2. árgangur í janúar	Stafakönnun 1. og 2. árgangur í janúar	Stafakönnun 1. og 2. árgangur í janúar
	Grunnpróf Lesferils í janúar og maí	Grunnpróf Lesferils í janúar og maí	Grunnpróf Lesferils í janúar og maí	Grunnpróf Lesferils í janúar og maí
	LOGOS skimun 6.árgangur	LOGOS skimun 6.árgangur	LOGOS skimun 6.árgangur	LOGOS skimun 6.árgangur
	Matsferill – stöðu- og framvindupróf lögð fyrir 4. - 10. árgang á vorönn í lesskilningi og stærðfræði	Matsferill – stöðu- og framvindupróf lögð fyrir 4. - 10. árgang á vorönn í lesskilningi og stærðfræði	Matsferill – stöðu- og framvindupróf lögð fyrir 4. - 10. árgang á vorönn í lesskilningi og stærðfræði	Matsferill – stöðu- og framvindupróf lögð fyrir 4. - 10. árgang á vorönni í lesskilningi og stærðfræði
	Íslenska æskulýðskönnunin nemendur í 4., 6., og 10. árgangi	Íslenska æskulýðskönnunin nemendur í 4., 6., og 10. árgangi	Íslenska æskulýðskönnunin nemendur í 4., 6., og 10. árgangi	Íslenska æskulýðskönnunin nemendur í 4., 6., og 10. árgangi

Niðurstöður mats skólaárið 2024 – 2025

Nemendakönnun - Skólapúlsinn

Árleg nemendakönnun Skólapúlsins skólaárið 2024-2025 liggur til grundvallar

niðurstöðum í þessum hluta skýrslunnar. Heildarsvarhlutfall er 86.9% og var framkvæmd

könnunarinnar í umsjón verkefnastjóra yngri deildar og er hún lögð fyrir með rafrænum hætti í hópi nemenda í 6.-10. bekk, að jafnaði einu sinni í mánuði. Allir nemendur í 6.-10. árgangi taka könnunina einhvern tímann á skólaárinu, nema þeir hafi forfallast einhverra hluta vegna. Meginþættir sem kannaðir eru:

- Virkni nemenda í skólanum
- Líðan og heilsa
- Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir könnunarinnar eru alls 42. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 1 til 9 með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Viðmiðunarreglan er að munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, uppá 1,0 stig telst töluverður munur og uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Grænar tölur í töflunni hér að neðan sýna þætti þar sem staðan er ágæt miðað við landsmeðaltal. Rauðar stjörnumerktar tölur merkja að svör þátttakenda víkja tölfræðilega marktækt frá svörum viðmiðunarhóps. Þá þætti þarf að skoða og skýra á markvissan hátt og leiða má líkur að því að munurinn sem þar kemur fram sé einnig til staðar í þýðinu.

1. Virkni nemenda í skólanum			
Matsþættir	Niðurstaða skólans	Landið	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,3	4,3	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	4,5	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	4,6	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,1	4,3	-0,2*
1.5. Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,2	4,4	-0,2*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	4,8	-0,1
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	79,2%	79,0%	0,2%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst	0,5 klst	0,2 klst*
2. Líðan og heilsa			
Matsþættir	Niðurstaða skólans	Landið	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,5	4,4	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	4,3	0,2
2.3. Vellíðan	4,5	4,4	0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	-	-
2.5. Einelti	5,7	5,7	0,0
2.6. Tíðni eineltis	15,8%	15,8%	0,0%

2.7. Staðir eineltis	-	-	-
2.8. Í mataraskrift	86,3%	89,3%	-3,0%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	43,9%	40,8%	3,1%
2.10. Af hverju ekki í mataraskrift	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	-	-
3. Skóla – og bekkjarandi			
<i>Matsþættir</i>	<i>Niðurstaða skólans</i>	<i>Landið</i>	<i>Mismunur</i>
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,7	4,8	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	4,8	0,0
3.3. Agi í tímum	4,1	4,8	-0,7*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,9	4,8	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnamats	5,1	4,8	0,3*

Grænir þættir

Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins þá mælist einn þáttur yfir landsmeðaltali, það er tíðni leiðsagnamats í skólanum.

- Tíðni leiðsagnamats

Rauðir þættir

Samkvæmt nemendakönnuninni þá eru þættir sem víkja marktækt neikvætt frá landsmeðaltali eftirtaldir:


- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin vinnubrögðum í námi
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Símanotkun á skólatíma
- Í mataraskrift
- Agi í tímum

Hér á eftir eru sterkir þættir (grænir) og þættir sem þarfnast einhverra úrbóta (rauðir) skoðaðir betur.

Nánari umfjöllun

Sterkir þættir


TÍÐNI LEIÐSAGNAMATS - ÁRSMEDALTÖL



Sá þáttur sem kemur marktækt yfir landsmeðaltali er "Tíðni leiðsagnamats". Nemendur upplifa það að kennarar taki eftir því og láti þá vita þegar þeim gengur vel í náminu og ræði við þá um það sem gengur vel og það sem þeir geta gert betur. Nemendur upplifa einnig að kennarar láti vita hvað þeir þurfa að gera til að þeim gangi betur í náminu. Eins og sést hér að ofan hefur þessi þáttur farið upp á við í Vallaskóla síðasta árið.


Myndin hér að neðan sýnir árgangamun og virðist 7. árgangur koma best út varðandi tíðni leiðsagnarmats og kemur út marktækt fyrir ofan landsmeðaltal.

TÍÐNI LEIÐSAGNARMATS - ÁRGANGAMUNUR



Þættir sem þarfnast úrbóta


ÁNÆGJA AF NÁTTÚRUFRÆÐI - ÁRSMEÐALTÖL




Þetta skólaárið mældist Vallaskóli marktækt undir landsmeðaltali varðandi ánægju nemenda af náttúrufræðikennslu Samkvæmt myndinni hér að ofan þá hefur þessi þáttur verið fyrir neðan landsmeðaltal síðan 2015 en það er ánægjulegt að sjá að hann fer upp á við á milli ára frá 2023/2024 - 2024/2025.

Myndin hér að neðan sýnir hvernig ánægja af náttúrufræði er miðað við árganga og þar sést að nemendur í 6. og 7. árgangi mælast yfir eða við landsmeðaltal en þegar komið er í 8. – 10. árgang þá fer ánægjan niður fyrir landsmeðaltal.

ÁNÆGJA AF NÁTTÚRUFRÆÐI - ÁRGANGAMUNUR




TRÚ Á EIGIN VINNUBRÖGÐ Í NÁMI - ÁRSMEÐALTÖL





Samkvæmt myndinni hér að ofan þá hafa nemendur í Vallaskóla mælst fyrir neðan landsmeðaltal varðandi trú á eigin vinnubrögðum í námi síðan 2016/2017. Það er þó ánægjulegt að sjá að þessi þáttur fer upp á við í síðustu mælingu á milli ára frá 2023/2024 – 2024/2025 en nær ekki landsmeðaltali.

Eins og sést á myndinni hér að neðan þá virðast nemendur í 8. – 10. árgangi hafa minni trú á eigin vinnubrögðum heldur en nemendur í 6. og 7. árgangi sem mælast yfir landsmeðaltali. Áttundi og tíundi árgangur mælist marktækt fyrir neðan landsmeðaltalið í þessum þætti.


TRÚ Á EIGIN VINNUBRÖGÐ - ÁRGANGAMUNUR



SÍMANOTKUN Á SKÓLATÍMA - ÁRGANGA




Ef þessir þættir eru teknir saman þá lítur súluritð svona út:




Eins og sést á myndinni hér að ofan þá eru nemendur í 7 – 10. árgangi í Vallaskóla marktækt yfir landsmeðaltali þegar kemur að símanotkun á skólatíma. Þetta snýr bæði að því að nemendur eru í símanum til að senda skilaboð, hringja og skoða efni á netinu og því að læra og vinna verkefni t.d. með því að finna upplýsingar og reikna.

Á myndinni hér að neðan sjást árgangarnir og hvernig símanotkun þeirra á skólatíma hefur þróast milli ára. Í 7., 8., og 10. árgangi hefur símanotkun á skólatíma aukist. Nemendur í 9. árgangi hafa minnkað símanotkun sína á skólatíma frá því þeir voru í 8. árgangi.

SÍMANOTKUN Á SKÓLATÍMA - ÁRGANGAÞRÓUN




AGI Í TÍMUM – ÁRSMEÐALTÖL



Samkvæmt myndinni hér að ofan þá hefur upplifun nemenda á góðum aga í kennslustundum farið niður á við síðan árið 2021/2022 og mælist marktækt fyrir neðan landið.

Á myndinni hér að neðan sést upplifun nemenda eftir árgöngum og virðist aginn í 6. árgangi geta verið betri, nemendur í 7. árgangi upplifa ágætis aga og mælast fyrir ofan landið en nemendum í 8. – 10. árgangi upplifa skort á aga og mælast marktækt fyrir neðan landsmeðaltal.

AGI Í TÍMUM - ÁRGANGAMUNUR



Lesferill




Lesferill er matstæki af hálfu Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Því er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Matstækið samanstendur af nokkrum stöðuprófum þar sem staða nemandans er metin við að jafnaldra á landsvísu. Stöðuprófin skiptast í grunnpróf þar sem lesfimi er metin, hliðarpróf þar sem hljóðaaðferð og og ritháttalestur er prófaður, lesskimun 1. árgangs og síðan á að verða til stafsetningarpróf.

Framkvæmd könnunar er í höndum umsjónarkennara og sérkennara. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Prófin eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla og kennara til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Sjá nánar:

https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning_a_lesferli.pdf

Niðurstöður grunnprófa *Lesferils* eru nokkuð ljósar samkvæmt línuritum. Þar sem nemendur eru prófaðir þrisvar sinnum yfir skólaárið (september, janúar, maí) fást nokkuð glöggar vísbendingar um þróun á meðaltali lesinna orða í skólanum miðað við landsmeðaltal (allt landið).

Í línuritum hér á eftir er Vallaskóli bláa línan, landsmeðaltal er rauða línan og viðmiðin eru gráu brotnu línurnar.



Ef við skoðum þróun lesinna orða á yngsta stigi í september þá mælist 1. árgangur undir viðmiði 1. Í janúar hefur árgangurinn náð viðmiði 1 og í maí tekur hann gott stökk, nálgast viðmið 2.

Í september nær 2. árgangur ekki 1. viðmiði eða landsmeðaltali. Í janúar fara nemendur yfir viðmiði 1 en eru ennþá undir landsmeðaltali. Í maí halda nemendur áfram að bæta sig en ná ekki 2. viðmiði eða landsmeðaltali.

Þriðji árgangur nær viðmiði 1. í september og stendur á landsmeðaltali. Í janúar bæta nemendur sig aðeins og ná viðmiði 1. Í maí taka nemendur stökk og fara yfir landsmeðaltal og eru afa nálægt viðmiði 2.

Í september nær 4. árgangur 1. viðmiði og í janúar bæta nemendur sig enn frekar. Í maí nálgast nemendur í 4. árgangi viðmið 2 og ná landsmeðaltali.

Fimmti árgangur er yfir viðmið 1 í september og er mjög nálægt landsmeðaltali. Í janúar fer árgangurinn yfir landsmeðaltal og nálgast viðmið 2. Í maí er 5. Árgangur ennþá yfir landsmeðaltali og mjög nálægt viðmiði 2.

Sjötti árgangurinn nær ekki viðmiði 1 eða landsmeðaltali í september. Í janúar hafa nemendur í 6. árgangi náð viðmiði 1 og í maí standa þeir á svipuðum stað og standa nokkuð frá landsmeðaltali.

Sjöundi árgangurinn nær ekki 1. viðmiði í september en í janúar er hann á svipuðum stað og nær ekki landsmeðaltali. Í maí nær hann viðmiði 1 en er undir landsmeðaltali.

Áttundi árgangur er nokkuð frá viðmiði 1. í september. Í janúar er hann á svipuðum stað en í maí hefur hann bætt sig nokkuð og nær viðmiði 1 en er nokkuð frá landsmeðaltali.

Níundi árgangurinn er mjög nálægt því að ná viðmiði 1 í september, er á svipuðum stað í janúar, bætir sig nokkuð í maí en er nokkuð frá landsmeðaltali.

Í september nær 10. árgangur ekki 1. viðmiði er á svipuðum stað í janúar. Árgangurinn bætir sig aðeins í maí og nær viðmiði 1 en er nokkuð mikið frá landsmeðaltali.

Íslenska æskulýðskönnunin

Íslenska æskulýðskönnunin var lögð fyrir í grunnskólum landsins vorið 2025.


Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir rannsóknina fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa þátta sem snúa að farsæld þeirra: menntun, lífsgæðum og félagslegri stöðu, heilsu og vellíðan, öryggi og vernd og þátttöku í íþróttum, tómstunda- og samfélagsstarfi og félagslegum tengslum.


Rannsóknargögnin eru nýtt við stefnumótun í málefnum barna og ungmenna og ákvörðunum um hvaða þjónusta þurfi að standa börnum til boða á hverjum tíma.

Menntun

4. og 5. árgangur




6. – 10. árgangur




Heilsa og vellíðan

4.og 5. árgangur




6. – 10. árgangur




Öryggi og vernd

4.og 5. árgangur




6.-10. árgangur




Þátttaka og félagsleg tengsl

4. og 5. árgangur




6. – 10. árgangur




Lífsgæði og félagsleg staða

4. og 5. árgangur




6. – 10. árgangur



Moodup starfsmannakönnun


Moodup púlsmælingar eru sendar á alla starfsmenn skólans með rafrænum hætti fjórum sinnum yfir veturinn í september, nóvember, febrúar og apríl. Markmiðið er að skilja betur starfsánægju starfsfólk og bæta og bregðast við þar sem þarf.



Hér að neðan er yfirlit yfir lokaniðurstöður úr þeim tíu þáttum sem lagðir voru fyrir starfsmenn veturinn 2024 – 2025.







Nánari umfjöllun



Hér á eftir sjást nákvæmari niðurstöður hvers þáttar, hvernig þeir þróast yfir veturinn í fjórum könnunum og hvaða spurningar liggja að baki.














Umbótaáætlun skólaárið 2025 - 2026

Hér á undan hefur verið farið yfir niðurstöður allra kannana sem liggja sjálfsmati til grundvallar og framkvæmdar voru á skólastarfi Vallaskóla skólaárið 2024–2025.

Til þess að fylgja eftir niðurstöðunum um hvað megi bæta og breyta er sett fram umbótaráætlun sem skapar ramma utan um verkefnin sem framundan eru skólaárið 2025 – 2026.

Tækifæri til umbóta	Áætlanir um umbætur	Tími umbóta	Hvernig metið	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur
Lestrarkennsla	Þróunarverkefnið <i>Læsi fyrir lífið 5. – 10. árgangur</i> Markviss skimun með LOGOS í 6. árgangi	2025 – 2026	Nemendakönnun Skólapúlsins Matsferill Lesferill	Aðstoðarskólastjóri Verkefnastjóri yngri og eldri deildar Sérkennarar Læsisráð skólans	Allir nemendur sem hafa forsendur náí viðmiðum 1 í janúar og nálgist viðmið 2 að vori
Náttúrufræðikennsla	Teymi kennara stofnað haustið 2025. Meta hvar við stöndum og forgangsraða því sem þarf að bæta.	2025 - 2026	Nemendakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur Fagkennarar	Ánægja nemenda af náttúrufræði aukist og jákvæða breyting sjáist í Skólapúlsi veturinn 2026 - 2027
Styrkja sjálfsmynd nemenda og ábyrgðarkennd gagnvart eigin námi og framkomu	Aukin áhersla á uppeldisstefnu skólans <i>Jákvæður agi</i> (sjálfstjórn, virðing, mistök, samskipti, hrós)	2025 - 2026	Nemendakönnun Skólapúlsins	Deildarstjórar Námsráðgjafar Teymi kennara <i>Jákvæður agi</i>	Trú nemenda á eigin getu aukist ásamt þeirra líðan og það endurspeglar í niðurstöðum Skólapúlsins þennan veturinn.
Agi í kennslustundum í eldri deild og betri vinnufriður í kennslustundum auk meiri tengingar við umsjónarkennara	Aukin áhersla á Uppeldisstefnu skólans <i>Jákvæður agi</i> Þróun á nýju náms- og kennslufyrirkomulagi í eldri deild	2025 - 2026	Nemendakönnun Skólapúlsins og Æskulýðs - rannsóknin	Skólastjóri Deildarstjóri eldri deildar Teymið “Jákvæður agi” Kennarar	Nemendur upplifi betri vinnufrið í kennslustundum og betri tengingu við kennara og það endurspeglar í Skólapúlsi þennan veturinn.
Símanotkun á skólatíma	Nýlegar símareglur eru í skólanum sem fylgja þarf vel eftir.	2025 - 2026	Nemendakönnun Skólapúlsins	Stjórnendur og kennarar	Símanotkun nemenda minnki samhliða nýlegum reglum og það komi fram í niðurstöðum Skólapúlsins.
Samskipti milli starfsmanna	Unnið markvisst með samskiptasáttmála skólans sem tengist einnig uppeldisstefnu skólans sem er <i>Jákvæður agi</i> .	2025 - 2026	Starfsmanna-könnun Moodup	Stjórnendur	Áframhaldandi vinna með samskiptasáttmála og uppeldisstefnu skólans skili sér í betri líðan og samskiptum starfsfólks og jákvæða þróun megi sjá í niðurstöðum Moodup þennan veturinn.

Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðvarandi verkefni yfir allt árið sem unnið er af öllu starfsfólki skólans á einhvern hátt.

Í þessari sjálfsmatsskýrslu hefur verið farið yfir helstu niðurstöður með áherslu á að nýta þær til umbóta og leggja línurnar fyrir næsta skólaár til að gera gott starf betra. Þáttum sem komið hafa út marktækt undir landsmeðaltali í Skólapúlси síðustu ár hefur fækkað s.s. stærðfræðikennsla, þrautseigja í námi, stjórn á eigin lífi, samsömun við nemendahópinn og við kennara. Aftur á móti er upplifun nemenda á aga í kennslustundum, ánægja af náttúrufræði og trú á eigin vinnubrögðum í námi enn marktækt undir landsmeðaltali. Með því að fylgja markvisst eftir umbótaáætlun 2025 – 2026 er unnið að því að bæta stöðu þessara þátta, en einnig má ekki gleyma að viðhalda góðum árangri sem hefur náðst síðustu ár.